**Samstarfsvettvangur um lýðheilsurannsóknir -**

**Viljayfirlýsing milli Heilbrigðisráðuneytisins, Lýðheilsustöðvar,**

**Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands**

Stefnt verður að stofnun samstarfsvettvangs um lýðheilsurannsóknir milli Lýðheilsustöðvar og þeirra háskóla sem bjóða upp á lýðheilsunám á Íslandi; Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands.

Meginmarkmið samstarfsvettvangsins verður að styrkja tengsl milli rannsókna og starfs á vettvangi. Hugmyndin er að koma á fót tveimur stöðugildum, einu við hvorn háskóla, í samstarfi við Lýðheilsustöð þar sem hlutverk viðkomandi starfsmanna verður að tengja saman rannsóknir og störf á vettvangi. Jafnframt verða kannaðir möguleikar á sameiginlegum námskeiðum sem kennd verða við Háskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands.

Stjórn samstarfsvettvangs verði skipuð einum fulltrúa frá hverri af stofnununum þremur og tveimur sérfræðingum frá erlendum samstarfsháskólum.

Reykjavík, 18. Nóvember 2008

Heilbrigðisráðherra
Guðlaugur Þór Þórðarson

___________________________________

F.h. Lýðheilsustöðvar,
Þórólfur Þórlindsson

___________________________________

F.h. Háskóla Íslands
Kristín Ingólfsdóttir

___________________________________

F.h. Háskólans í Reykjavík
Guðjón Magnússon

___________________________________